

2015:4 • 12. mars 2015

Fjármál hins opinbera 2014, bráðabirgðauppgjör

General government finances 2014, preliminary accounts

Samantekt

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 3 milljarða króna árið 2014 eða 0,2% af landsframleiðslu. Til samanburðar var afkoman neikvæð um 32 milljarða króna árið 2013 eða 1,7% af landsframleiðslu. Tekjur hins opinbera námu um 903 milljörðum króna og hækkuðu um 13,3% milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 45,3% samanborið við 42,4% árið 2013. Útgjöld hins opinbera voru 906 milljarðar króna 2014 og jukust um 9,3% milli ára en hlutfall þeirra af landsframleiðslu fór úr 44,1% í 45,4%.

Heildarútgjöld til heilbrigðismála árið 2014 voru 175 milljarðar króna eða 8,8% af landsframleiðslu. Þar af var hlutur hins opinbera 142 milljarðar króna en hlutur heimila 33 milljarðar eða 18,9% af útgjöldunum. Á mann námu heilbrigðisútgjöld hins opinbera 434 þúsundum króna og hafa þau að raungildi dregist saman um 9,2% frá árinu 2008.

Til fræðslumála var ráðstafað 156 milljörðum króna árið 2014 eða 7,8% af landsframleiðslu. Þar af var fjármögnun hins opinbera 141 milljarðar króna og hlutur heimilanna tæpir 15 milljarðar króna eða 10% af heildarútgjöldum til málaflokksins. Á mann námu fræðsluútgjöld hins opinbera 429 þúsund krónum og hafa þau að raungildi dregist saman um 57 þúsund eða 11,7% frá árinu 2008.

Samkvæmt áætlun út frá greiðslutölum voru peningalegar eignir hins opinbera 66% af landsframleiðslu í árslok 2014 meðan áætlað er að heildarskuldir hins opinbera hafi verið 113%. Er þetta annað árið í röð þar sem hlutfall skulda hins opinbera fer lækkandi.

Inngangur

Fjármál hins opinbera eru í brennidepli í þessu riti

Í þessu riti verður fyrst og fremst lögð áhersla á hið opinbera en samsvarandi upplýsingar um undirgeira þess má sjá á vefsíðu Hagstofunnar. Vikið verður að afkomuþróun hins opinbera, gerð grein fyrir þróun tekna og gjalda frá mismunandi sjónarhornum, og heilbrigðis- og menntamálum gerð skil í talnaefni og myndum.




Umfang hins opinbera

Hið opinbera takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, A-hluta sveitarfélaga og almannatryggingar

Hefðbundin skilgreining á hinu opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum afmarkast við starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með tekjum af sölu á vörum og þjónustu á almennum markaði. Hér er því um tiltölulega þrönga skilgreiningu að ræða sem takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, A-hluta sveitarfélaga og almannatryggingar. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vöru og þjónustu, er ekki talin til hins opinbera geira samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins.

Mynd 1. Innbyrðis skipting á umfangi undirgeira hins opinbera 2014

Figure 1. Relative size of governments in terms of revenue and expenditure 2014



Árið 2014 runnu 74,3% tekna hins opinbera til ríkissjóðs og 25,4% til sveitarfélaga (sjá mynd 1). Af tekjum ríkissjóðs runnu 29,6% áfram til almannatrygginga og sveitarfélaga sem fjárframlög eða 170,1 milljarðar króna til almannatrygginga og 28,4 milljarðar króna til sveitarfélaga. Af útgjöldum hins opinbera er hlutur almannatrygginga 18,0% eða 163,2 milljarðar króna, sveitarfélaga 29,0% eða 262,5 milljarðar króna, og ríkissjóðs 53,0% eða 480,0 milljarður króna.

Afkoma hins opinbera


Tekjuhalli hins opinbera nam 0,2% af landsframleiðslu 2014

Samkvæmt bráðabirgðatölum var tekjuafkoma hins opinbera neikvæð um 3,0 milljarða króna árið 2014 eða sem nemur 0,2% af landsframleiðslu og 0,3% af tekjum þess. Til samanburðar var afkoman neikvæð um 32,0 milljarða króna árið 2013 eða 1,7% af landsframleiðslu. Hagstæðari afkoma 2014 skýrist annars vegar af auknum skatttekjum en þær jukust um 14,9% milli ára og hins vegar 9,1% aukningar á öðrum tekjum. Á sama tíma jukust útgjöld hins opinbera um 9,3% milli 2013 og 2014. Þar af vó þyngst hækkun launakostnaðar og aukning í tilfærsluútgjöldum.

Nokkur munur er á niðurstöðum um afkomu milli Hagstofu Íslands og Fjársýslu ríkisins og stafar það aðallega af mismunandi aðferðum við meðhöndlun á arði frá Seðlabanka Íslands og öðrum fjármálastofnunum í eigu ríkisins. Hagstofan vinnur eftir alþjóðlegum þjóðhagsreikningastöðlum sem kveða á um að hámarki sé tekjufærður arður sem jafngildir rekstrarhagnaði ársins að frádrögnum virðisbreytingum, en endurmat og virðisbreyting eru færð í gegnum efnahag.

Mynd 2. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 2. The general government financial balance as per cent of GDP



Vegna umfangs ríkissjóðs ræður tekjuafkoma hans miklu um þróun afkomu hins opinbera í heild. Árið 2014 er áætluð tekjuafkoma ríkissjóðs 0,7 milljarðar króna eða 0,03% af landsframleiðslu, samanborið við 33,5 milljarða króna halla árið 2013 eða 1,8% af landsframleiðslu.

Tafla 1. Fjármál hins opinbera 2008–2014

Table 1. General government finances 2008–2014

| Í milljörðum króna In billion ISK | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 ¹ |
|--|--------|--------|--------|-------|-------|-------|-------------------|
| Tekjur hins opinbera <i>General gov. revenue</i> | 655,8 | 617,5 | 641,5 | 682,7 | 742,1 | 796,9 | 902,7 |
| Útgjöld hins opinbera <i>Gen. gov. expenditure</i> | 858,2 | 771,3 | 799,3 | 777,4 | 807,3 | 829,0 | 905,7 |
| Tekjuafkoma hins opinbera <i>Gen. gov. NLB</i> | -202,4 | -153,8 | -157,8 | -94,7 | -65,2 | -32,0 | -3,0 |
| Hlutfall af VLF Per cent of GDP | | | | | | | |
| Tekjur hins opinbera <i>Gen. gov. revenue</i> | 42,4 | 38,9 | 39,6 | 40,1 | 41,7 | 42,4 | 45,3 |
| Útgjöld hins opinbera <i>Gen. gov. expenditure</i> | 55,4 | 48,6 | 49,3 | 45,6 | 45,3 | 44,1 | 45,4 |
| Tekjuafkoma hins opinbera <i>Gen. gov. NLB</i> | -13,1 | -9,7 | -9,7 | -5,6 | -3,7 | -1,7 | -0,2 |
| Tekjuafkoma ríkissjóðs <i>Central gov. NLB</i> | -12,5 | -8,1 | -9,1 | -5,7 | -3,3 | -1,8 | 0,0 |
| Tekjuafkoma sveitarfélaga <i>Local gov. NLB</i> | -0,8 | -0,9 | -0,8 | -0,3 | -0,4 | -0,2 | -0,3 |
| Tekjuafkoma almannatrygg. <i>SSF NLB</i> | 0,3 | -0,7 | 0,1 | 0,4 | 0,0 | 0,3 | 0,1 |

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Tekjuhalli sveitarfélaga var 5,7 milljarðar króna 2014

Tekjuhalli sveitarfélaga árið 2014 er áætlaður 5,7 milljarðar króna eða 0,3% af landsframleiðslu og 2,2% af tekjum þeirra. Til samanburðar var tekjuhalli sveitarfélaga 4,5 milljarðar króna árið 2013 eða 0,2% af landsframleiðslu. Skatttekjur sveitarfélaga jukust um 6,8% milli ára miðað við 9,0% aukningu árið 2013.


Tekjur hins opinbera

Tekjur hins opinbera jukust um 13,3% milli ára

Tekjur hins opinbera námu 902,7 milljörðum króna árið 2014 og jukust um 13,3% milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 45,3% samanborið við 42,4% árið 2013. Tekjur sem hlutfall af landsframleiðslu eru nú svipaðar og árið 2007 en hæstar mældust þær árið 2006 eða um 47% af landsframleiðslu.

Mynd 3. Tekjur og útgjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 3. The general government revenues and expenditures as per cent of GDP



Tekjur ríkissjóðs hækkuðu úr 31,1% af landsframleiðslu 2013 í 34,1% árið 2014 en tekjur sveitarfélaga lækkuðu lítillega sem hlutfall af landsframleiðslu eða úr 13,0% í 12,9%. Tekjur almannatrygginga námu 8,9% af landsframleiðslu árið 2013 en eru 8,7% árið 2014.

Tafla 2. Heildartekjur hins opinbera og undirgeira þess 2008–2014

Table 2. General government total revenue 2008–2014

| Í milljörðum króna In billion ISK | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 ¹ |
|---|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------------------|
| Hið opinbera General government | 655,8 | 617,5 | 641,5 | 682,7 | 742,1 | 796,9 | 902,7 |
| Ríkissjóður Central government | 479,1 | 450,3 | 474,7 | 497,1 | 545,5 | 584,5 | 679,3 |
| Sveitarfélög Local governments | 195,8 | 191,7 | 194,8 | 214,7 | 225,7 | 244,9 | 258,1 |
| Almannatryggingar Social security funds | 113,3 | 133,8 | 143,0 | 160,6 | 157,8 | 166,8 | 172,6 |
| Hlutfall af VLF Per cent of GDP | | | | | | | |
| Hið opinbera General government | 42,4 | 38,9 | 39,6 | 40,1 | 41,7 | 42,4 | 45,3 |
| Ríkissjóður Central government | 31,0 | 28,4 | 29,3 | 29,2 | 30,6 | 31,1 | 34,1 |
| Sveitarfélög Local governments | 12,7 | 12,1 | 12,0 | 12,6 | 12,7 | 13,0 | 12,9 |
| Almannatryggingar Social security funds | 7,3 | 8,4 | 8,8 | 9,4 | 8,9 | 8,9 | 8,7 |

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Skatttekjur- og tryggingagjöld skila hinu opinbera um 770,8 milljörðum króna 2014

Megintekjustofn hins opinbera eru skatttekjur og tryggingagjöld sem skiluðu 85,4% tekna þess árið 2014. Sem hlutfall af landsframleiðslu hafa þessar tekjur aukist úr 35,9% af landsframleiðslu árið 2013 í 38,7% árið 2014. Hér vegur þýngst sérstakt gjald á viðskiptabankastarfsemi, gjarnan nefnt bankaskattur, sem var hækkað úr 0,041% í 0,145%. Aðrar tekjur hins opinbera jukust um 9,1% milli ára. Þar munar mestu um auknar arðgreiðslur frá fyrirtækjum í eigu ríkisins. Má þar

nefna 6,5 milljarða króna arð frá Seðlabanka Íslands og 15,7 milljarða króna arð frá Landsbankanum.

Tafla 3. Megintekjustofnar hins opinbera 2008–2014

Table 3. General government main income types 2008–2014


| Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i> | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 ¹ |
|---|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------------------|
| Heildartekjur <i>Total revenue</i> | 655,8 | 617,5 | 641,5 | 682,7 | 742,1 | 796,9 | 902,7 |
| Skatttekjur <i>Taxes</i> | 503,0 | 462,8 | 478,0 | 519,1 | 561,6 | 606,2 | 696,8 |
| Tryggingagjöld <i>Social contributions</i> | 41,6 | 45,9 | 63,6 | 66,8 | 64,9 | 69,9 | 74,0 |
| Fjárframlög <i>Grants</i> | 1,5 | 2,2 | 2,4 | 2,9 | 3,7 | 2,9 | 3,3 |
| Aðrar tekjur <i>Other revenue</i> | 109,6 | 106,7 | 97,6 | 93,8 | 111,9 | 117,9 | 128,7 |
| Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i> | | | | | | | |
| Heildartekjur <i>Total revenue</i> | 42,4 | 38,9 | 39,6 | 40,1 | 41,7 | 42,4 | 45,3 |
| Skatttekjur <i>Taxes</i> | 32,5 | 29,2 | 29,5 | 30,5 | 31,5 | 32,2 | 35,0 |
| Tryggingagjöld <i>Social contributions</i> | 2,7 | 2,9 | 3,9 | 3,9 | 3,6 | 3,7 | 3,7 |
| Fjárframlög <i>Grants</i> | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 |
| Aðrar tekjur <i>Other revenue</i> | 7,1 | 6,7 | 6,0 | 5,5 | 6,3 | 6,3 | 6,5 |

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Tekjuskattar skiluðu hinu opinbera um 51,5% skatttekna eða 18,0% af landsframleiðslu árið 2014. Skattar á vöru og þjónustu voru 33,7% þessara tekna eða um 11,8% af landsframleiðslu. Þar af var virðisaukaskatturinn um 8,1% af landsframleiðslu.

Mynd 4. Helstu skattstofnar hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 4. The general government main taxes as per cent of GDP



Eignaskattar hins opinbera námu 2,5% af landsframleiðslu árið 2014, en hlutfall eignaskatts af landsframleiðslu hefur staðið í stað undanfarin þrjú ár.

Tekjur af sköttum á alþjóðaverslun og viðskipti jukust um 5,3% frá árinu 2013, en þessar tekjur höfðu dregist saman um 24,3% frá 2012 til 2013 vegna styrkingar gengis og samdráttar í innflutningi.

Eins og fram kom hér fyrir ofan var sérstakt gjald á viðskiptabankastarfsemi hækkað, en áætlað er að þetta gjald skili um 34,5 milljörðum í ríkissjóð árið 2014 sem veldur 276,5% hækkun á öðrum skatttekjum frá árinu 2013.

Tafla 4. Skatttekjur og tryggingagjöld hins opinbera 2008–2014

Table 4. General government taxes and social contributions 2008–2014

| Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i> | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 ¹ |
|---|------|------|------|------|------|------|-------------------|
| Skattar og tr.gjöld <i>Taxes and social contrib.</i> | 35,2 | 32,1 | 33,4 | 34,4 | 35,2 | 35,9 | 38,7 |
| Skattar á tekjur og hagnað <i>Taxes on income</i> | 17,0 | 15,1 | 14,8 | 15,7 | 15,9 | 16,8 | 18,0 |
| Skattar á launagreiðslur <i>Taxes on payroll</i> | 0,1 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,3 | 0,3 | 0,3 |
| Eignaskattar <i>Taxes on property</i> | 2,1 | 2,1 | 2,3 | 2,3 | 2,5 | 2,5 | 2,5 |
| Skattar á vöru og þjónustu <i>Taxes on G&S</i> | 12,7 | 11,1 | 11,4 | 11,5 | 11,8 | 11,7 | 11,8 |
| Skattar á alþ.viðskipti <i>Taxes on intern. trade</i> | 0,4 | 0,3 | 0,4 | 0,4 | 0,4 | 0,3 | 0,3 |
| Aðrir skattar <i>Other taxes</i> | 0,1 | 0,4 | 0,4 | 0,5 | 0,6 | 0,6 | 2,1 |
| Tryggingagjöld <i>Social contributions</i> | 2,7 | 2,9 | 3,9 | 3,9 | 3,6 | 3,7 | 3,7 |

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Tafla 5. Tekjuskattar hins opinbera 2008–2014

Table 5. The general government tax on income and profits 2008–2014

| Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i> | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 ¹ |
|--|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------------------|
| Tekjuskattar <i>Taxes on income and profits</i> | 263,5 | 239,9 | 239,7 | 266,8 | 283,2 | 315,6 | 358,7 |
| Tekjusk. einstakl. <i>Individual income tax</i> | 195,6 | 192,3 | 197,3 | 220,6 | 234,5 | 258,6 | 274,5 |
| Tekjusk. lögaðila <i>Corporate income tax</i> | 28,5 | 26,5 | 14,6 | 29,5 | 34,0 | 40,5 | 59,3 |
| Fjárm.tekjusk. <i>Tax on interest & cap. gains</i> | 39,3 | 21,1 | 27,7 | 16,8 | 14,8 | 16,5 | 24,9 |
| Hlutfall af VLF <i>Percent of GDP</i> | | | | | | | |
| Tekjuskattar <i>Taxes on income and profits</i> | 17,0 | 15,1 | 14,8 | 15,7 | 15,9 | 16,8 | 18,0 |
| Tekjusk. einstakl. <i>Individual income tax</i> | 12,6 | 12,1 | 12,2 | 13,0 | 13,2 | 13,7 | 13,8 |
| Tekjusk. lögaðila <i>Corporate income tax</i> | 1,8 | 1,7 | 0,9 | 1,7 | 1,9 | 2,2 | 3,0 |
| Fjárm.tekjusk. <i>Tax on interest & cap. gains</i> | 2,5 | 1,3 | 1,7 | 1,0 | 0,8 | 0,9 | 1,2 |

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Útgjöld hins opinbera

Niðurfærsla á verðtryggðum húsnæðislánum vegur þýngst í aukningu útgjalda hins opinbera

Útgjöld hins opinbera eru áætluð tæp 906 milljarðar króna árið 2014 og jukust um 9,3% milli ára. Hlutfall heildarútgjalda af landsframleiðslu fór úr 44,1% árið 2013 í 45,4% árið 2014. Launakostnaður jókst um 7,4% milli ára en aukning um 80,8% á tilfærsluútgjöldum vegur þýngst í útgjaldaaukningu hins opinbera. Árið 2014 er áætlað að 35,8 milljarðar króna verði gjaldfærðir vegna leiðréttingar verðtryggðra fasteignaveðlána en dregið hefur úr fjármagnstilfærslum til Íbúðalánasjóðs og LÍN.

Tafla 6. Útgjöld hins opinbera og undirgeira þess 2008–2014

Table 6. The general government expenditure 2008–2014


| Í milljörðum króna / In billion ISK | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 ¹ |
|---|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------------------|
| Hið opinbera / General government | 858,2 | 771,3 | 799,3 | 777,4 | 807,3 | 829,0 | 905,7 |
| Ríkissjóður / Central government | 673,0 | 578,7 | 621,5 | 593,7 | 603,9 | 618,0 | 678,6 |
| Sveitarfélög / Local governments | 208,7 | 206,6 | 207,8 | 219,4 | 233,1 | 249,4 | 263,8 |
| Almannatryggingar / Social security funds | 108,9 | 144,2 | 141,1 | 154,0 | 157,3 | 160,8 | 170,6 |
| Hlutfall af VLF / Per cent of GDP | | | | | | | |
| Hið opinbera / General government | 55,4 | 48,6 | 49,3 | 45,6 | 45,3 | 44,1 | 45,4 |
| Ríkissjóður / Central government | 43,5 | 36,5 | 38,3 | 34,9 | 33,9 | 32,9 | 34,0 |
| Sveitarfélög / Local governments | 13,5 | 13,0 | 12,8 | 12,9 | 13,1 | 13,3 | 13,2 |
| Almannatryggingar / Social security funds | 7,0 | 9,1 | 8,7 | 9,0 | 8,8 | 8,6 | 8,6 |

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Heildarútgjöld ríkissjóðs jukust um 9,8% milli ára en útgjöld sveitarfélaga um 5,8%. Útgjöld almannatrygginga jukust um 6,1% en sem hlutfall af landsframleiðslu voru þau 8,6% og stóðu í stað frá árinu 2013. Mest mældust útgjöld almannatrygginga árið 2009 eða 9,1% af landsframleiðslu.

Mynd 5. Samneysla og fjárfesting hins opinbera sem hlutfall af VLF

Figure 5. General government final consumption and investment as per cent of GDP



Ef hagræn útgjöld hins opinbera eru skoðuð sést á mynd 5 að samneysluútgjöldin, þ.e. launaútgjöld og kaup að frádreginni sölu á vöru og þjónustu, voru 24,3% af landsframleiðslu og stóðu í stað frá 2013. Launaútgjöld eru stærsti hluti samneysluútgjaldanna eða um 57%.

Fjárfestingarútgjöld hins opinbera jukust á árinu 2014, fóru úr 2,8% af landsframleiðslu 2013 í 2,9% árið 2014. Þetta er þriðja árið í röð þar sem hlutfallið af landsframleiðslu eykst eftir samdrátt á árunum 2009 til 2011.

*Dregur úr framlögum til
Íbúðalánasjóðs*

Síðustu ár hafa verið fjárhag hins opinbera þung í skauti. Undir liðnum önnur tilfærsluútgjöld eru meðal annars útgjöld vegna áfallinna ríkisábyrgða og framlaga til Íbúðalánasjóðs. Dregið hefur úr framlögum til sjóðsins og voru þau 4,5 milljarðar 2013 og 3 milljarðar króna árið 2014 samanborið við 33 milljarða króna árið 2010 og 13 milljarða króna árið 2012.

Á móti minnkun í áföllnum ríkisábyrgðum kemur leiðrétting verðtryggðra fasteignaveðlána árið 2014. Hún er færð á önnur tilfærsluútgjöld og nemur 1,8% af landsframleiðslu ársins.

Dregið hefur úr tilfærslum til heimila sem hlutfall af landsframleiðslu. Hæst var hlutfallið 8,1% árið 2011 en árið 2014 var það 6,9% af landsframleiðslu. Þessi lækkun á hlutfalli er meðal annars vegna minni útgjalda í vaxta- og barnabætur.

Tafla 7. Hagræn flokkun útgjalda hins opinbera 2008–2014

Table 7. The general government expenditure by economic type 2008–2014

| Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i> | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 ¹ |
|---|------|------|------|------|------|------|-------------------|
| Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i> | 55,4 | 48,6 | 49,3 | 45,6 | 45,3 | 44,1 | 45,4 |
| Laun <i>Wages and salaries</i> | 13,5 | 13,7 | 13,6 | 13,5 | 13,6 | 13,7 | 13,8 |
| Kaup á vöru og þjón. <i>Use of goods & services</i> | 11,3 | 12,1 | 11,9 | 12,0 | 11,9 | 11,7 | 11,5 |
| Vaxtagjöld <i>Interest</i> | 3,1 | 6,1 | 5,0 | 4,3 | 4,9 | 4,7 | 4,7 |
| Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i> | 1,8 | 1,8 | 1,7 | 1,7 | 1,7 | 1,7 | 1,6 |
| Fjárframlög <i>Grants</i> | 0,2 | 0,3 | 0,3 | 0,3 | 0,2 | 0,2 | 0,2 |
| Félagslegar tilf. til heimila <i>Social benefits</i> | 5,8 | 7,7 | 7,5 | 8,1 | 7,6 | 7,1 | 6,9 |
| Önnur tilfærsluútgjöld <i>Other expenditure</i> | 14,9 | 3,0 | 6,0 | 3,1 | 2,8 | 2,2 | 3,8 |
| Fjárfesting <i>Acquisition of nonfinancial assets</i> | 4,8 | 3,9 | 3,3 | 2,6 | 2,6 | 2,8 | 2,9 |

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

*Vaxtagjöld hins opinbera námu
um 94 milljörðum króna 2014*

Vaxtaútgjöld hins opinbera í hlutfalli af landsframleiðslu voru 4,7% árið 2014 en það er sama hlutfall og árið 2013. Hlutfallið var hæst árið 2009 eða 6,1% af landsframleiðslu.

Þrjú stærstu málaflokkar hins opinbera eru almannatryggingar- og velferðarmál, heilbrigðismál og fræðslumál. Nánar er fjallað um heilbrigðis- og fræðslumálin hér á eftir.

Heilbrigðismál

Heilbrigðisútgjöld hins opinbera námu 7,1% af landsframleiðslu árið 2014

Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála árið 2014 námu 142,1 milljörðum króna¹ eða 7,1% af landsframleiðslu. Sem hlutfall af landsframleiðslu hafa útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála verið stöðug frá og með árinu 2010 um 7% af landsframleiðslu. Af heildarútgjöldum hins opinbera 2014 fóru um 15,7% til heilbrigðismála.

Tafla 8. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála 2008–2014

Table 8. The general government expenditure on health 2008–2014

| Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i> | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 ¹ |
|---|------|------|------|------|------|------|-------------------|
| Heilbrigðisútgjöld alls <i>Expenditure on health</i> ² | 7,2 | 7,5 | 7,1 | 7,0 | 7,0 | 7,1 | 7,1 |
| 1. Lækn.vörur og hjálpartæki <i>Medical products</i> | 0,8 | 0,9 | 0,8 | 0,7 | 0,7 | 0,6 | 0,6 |
| 2. Þjónusta við ferlisjúklinga <i>Outpatient services</i> | 1,4 | 1,4 | 1,4 | 1,4 | 1,4 | 1,4 | 1,4 |
| 3. Sjúkrahúsaþjónusta <i>Hospital services</i> | 4,9 | 5,0 | 4,7 | 4,6 | 4,7 | 4,8 | 4,8 |
| 4. Forvarnir og alm. heilb.þj. <i>Public health serv.</i> | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 5. Heilbrigðismál ót.a.s. <i>Health n.e.c.</i> | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 |

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

² Kaup heimila á heilb.þjón. hins opinbera dregin frá. *The households purchase of public health is excluded.*

Opinberum útgjöldum til heilbrigðismála má skipta niður á viðfangsefni, eins og gert er í töflu 8 en ýtarlegri sundurliðun er að finna í töflu 20 í töfluviðauka. Árið 2014 var 4,8% af landsframleiðslu ráðstafað til sjúkrahúsaþjónustu og hefur það hlutfall verið mjög svipað undanfarin ár. Að raungildi á mann hafa útgjöld til sjúkrahúsa og vegna þjónustu við ferlisjúklinga aukist um 1,8% en útgjöld vegna lyfja- og hjálpartækjakaupa dregist saman um 3,1%.

Af opinberum útgjöldum til heilbrigðisþjónustu vegur hlutur almennrar sjúkrahúsaþjónustu þyngst, eða um 68,0%. Þjónusta við ferlisjúklinga, þar á meðal almenn heilsugæsla og þjónusta sérfræðilækna utan sjúkrahúsa, kemur þar á eftir og nemur 20,2% af heilbrigðisútgjöldum eða 1,4% af landsframleiðslu. Hefur hlutfall þjónustu við ferlisjúklinga af landsframleiðslu verið mjög stöðugt síðan um aldamót. Lyfja- og hjálpartækjakostnaður nam um 8,4% opinberra útgjalda til heilbrigðismála árið 2014 eða 0,6% af landsframleiðslu.

Í töflu 20 í töfluviðauka má meðal annars sjá að útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála voru um 434 þúsund krónur á mann árið 2014 en frá árinu 2009 hafa þau lækkað um 5,6% á mann á föstu verði. Á árunum 2002 til 2008 voru þau aftur á móti svipuð eða um 470 þúsund krónur á verðlagi 2014. Á árinu 2014 var kostnaður vegna almennra sjúkrahúsa 295 þúsund krónur á mann, vegna heilsugæslu og þjónustu sérfræðilækna utan sjúkrahúsa rúm 88 þúsund og vegna lyfja og hjálpartækja 36 þúsund krónur á mann.

¹ Frá útgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála hafa verið dregin kaup heimila á heilbrigðisþjónustu hins opinbera, en þau flokkast með einkaneyslu heimilanna.

Tafla 9. Heildarútgjöld til heilbrigðismála 1998–2014Table 9. *The expenditure on health 1998–2014*

| | Alls, millj. kr. <i>Total, mill. ISK</i> | Hlutfall af landsframleiðslu <i>Percent of GDP</i> | | | Hlutfall heimila af heild <i>HH % of totals</i> | Heilbr.útgj.- staðvirt ² <i>Health exp. in fixed Prices²</i> | Heilbr.útgj.- staðvirt á mann ² <i>Health exp. per capita²</i> |
|-------------------|--|---|------------------------------------|----------------------|--|--|---|
| | | Hið opinb. <i>General govern.</i> | Heimili <i>House- holds</i> | Alls <i>Total</i> | | | |
| 1998 | 52.324 | 7,0 | 1,7 | 8,7 | 19,5 | 100,0 | 100,0 |
| 1999 | 60.745 | 7,7 | 1,7 | 9,4 | 17,7 | 115,9 | 114,5 |
| 2000 | 64.782 | 7,5 | 1,7 | 9,2 | 18,7 | 116,1 | 113,0 |
| 2001 | 71.971 | 7,4 | 1,7 | 9,1 | 18,9 | 118,0 | 113,3 |
| 2002 | 82.833 | 8,1 | 1,8 | 9,8 | 18,1 | 126,0 | 119,9 |
| 2003 | 87.312 | 8,2 | 1,8 | 10,1 | 18,3 | 128,0 | 121,2 |
| 2004 | 91.882 | 7,7 | 1,8 | 9,5 | 18,8 | 127,9 | 119,7 |
| 2005 | 96.850 | 7,4 | 1,7 | 9,2 | 18,6 | 127,6 | 118,1 |
| 2006 | 106.750 | 7,3 | 1,6 | 8,9 | 18,1 | 128,4 | 115,5 |
| 2007 | 118.996 | 7,1 | 1,5 | 8,7 | 17,5 | 132,8 | 116,7 |
| 2008 | 135.261 | 7,2 | 1,5 | 8,7 | 17,4 | 135,9 | 116,5 |
| 2009 | 144.400 | 7,5 | 1,6 | 9,1 | 18,1 | 133,2 | 114,2 |
| 2010 | 142.780 | 7,1 | 1,7 | 8,8 | 19,7 | 126,9 | 109,2 |
| 2011 | 147.107 | 7,0 | 1,7 | 8,7 | 19,4 | 125,5 | 107,7 |
| 2012 | 154.082 | 7,0 | 1,7 | 8,7 | 19,5 | 124,8 | 106,5 |
| 2013 | 164.964 | 7,1 | 1,7 | 8,8 | 19,2 | 127,8 | 108,0 |
| 2014 ¹ | 175.224 | 7,1 | 1,7 | 8,8 | 18,9 | 130,0 | 108,6 |

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*² Heilbrigðisútgjöld hins opinbera staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar en heimilanna með undirvísitölu vísitölu neysluverðs fyrir heilsu. Magnvísitala, 1998=100. *Health expenditure of the gen. gov deflated by price index of government final consumption, the households' share by subindex for health from the CPI. Volume index 1998=100.*

175 milljörðum króna var
ráðstafað til heilbrigðismála á
árinu 2014

Í töflu 9 hefur útgjöldum heimila til heilbrigðismála verið bætt við útgjöld hins opinbera og sýnir taflan heildarútgjöld til heilbrigðismála á árunum 1998 til 2014 ásamt hlutfalli heilbrigðisútgjalda af landsframleiðslu. Þar sést að á árinu 2014 nam heilbrigðiskostnaður 175 milljörðum króna eða 8,8% af landsframleiðslu, en hlutfallið hefur verið stöðugt undanfarin ár. Hæst urðu heilbrigðisútgjöldin 10,1% af landsframleiðslu árið 2003.

Árið 2014 voru tæp 19% heilbrigðisútgjaldanna fjármögnuð af heimilunum og er það heldur lægra hlutfall en undanfarin ár. Hæst hefur hlutur heimilanna farið í 19,7% árið 2010, en lægstur var hann árið 2008 eða 17,4%.

Í töflu 9 eru einnig sýnd staðvirt heilbrigðisútgjöld. Voru heilbrigðisútgjöld á föstu verðlagi á mann mest árið 2003, en síðan þá hefur dregið úr þeim um 10,4%.

Fræðslumál

Útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu 7,1% af landsframleiðslu

Hrein útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu um 140,6 milljörðum króna á árinu 2014¹ eða 7,1% af landsframleiðslu. Tæplega helmingur útgjalda hins opinbera til fræðslumála rann til grunnskólastigsins eða 3,4% af landsframleiðslu. Til háskólastigsins runnu um 20% af fræðsluútgjöldum hins opinbera eða 1,4% af landsframleiðslu. Framhaldsskólastigið tók til sín minna eða 17% útgjaldanna og síðustu 10% fóru til leikskólastigsins eða 0,7% af landsframleiðslu. Hafa hlutföll af landsframleiðslu innan flokksins verið stöðug síðustu árin. Af heildarútgjöldum hins opinbera 2014 fóru um 15,5% til fræðslumála, sem er álíka og útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála.

Tafla 10. Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 2008–2014

Table 10. The general government expenditure on education 2008–2014

| Hlutfall af VLF <i>Percent of GDP</i> | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 ¹ |
|--|------|------|------|------|------|------|-------------------|
| Fræðsluútgj. alls² <i>Expenditure on education²</i> | 7,3 | 7,5 | 7,3 | 7,1 | 7,0 | 7,0 | 7,1 |
| 1. Leikskólastig <i>Pre-primary education</i> | 0,7 | 0,8 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 0,7 |
| 2. Grunnskólastig <i>Primary and sec. education</i> | 3,5 | 3,5 | 3,4 | 3,4 | 3,3 | 3,3 | 3,4 |
| 3. Framhaldsskólastig <i>Upper secondary edu.</i> | 1,2 | 1,3 | 1,2 | 1,2 | 1,2 | 1,2 | 1,2 |
| 4. Háskólastig <i>Tertiary education</i> | 1,5 | 1,6 | 1,6 | 1,4 | 1,5 | 1,5 | 1,4 |
| 5. Önnur skólastig <i>Other school leves</i> | 0,2 | 0,3 | 0,3 | 0,2 | 0,3 | 0,3 | 0,3 |
| 6. Önnur fræðslumál ót.a.s. <i>Education n.e.c.</i> | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,2 | 0,1 | 0,1 | 0,1 |

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

² Kaup heimila á fræðsluþj. hins opinbera dregin frá. *The households purchase of public education is excluded.*

Í töflu 21 í töfluviðauka kemur fram að útgjöld til fræðslumála voru á föstu verði um 430 þúsund krónur á mann árið 2014 sem er örlítið hærra en undanfarin tvö ár. Þar af hækka útgjöldin um 1,6% frá árinu 2013. En að raungildi á mann höfðu opinber fræðsluútgjöld dregist saman um 8,6% á árunum 2009 til 2013. Langstærsti hluti útgjalda hins opinbera til fræðslumála eru samneysluútgjöld, en fjárfestingarútgjöld vega einnig þungt. Í niðurbroti á skólastig, töflu 21, má sjá að útgjöld til leikskóla- og barnaskólastigs jukust um 3,6% að raungildi á mann frá 2013 og lítillega einnig til unglings- og framhaldsskólastigs. Útgjöld til háskólastigs drógust hins vegar saman um 1,2% að raungildi á mann.

Til fræðslumála var ráðstafað 156 milljörðum króna árið 2014

Í töflu 11 hefur útgjöldum heimila til fræðslumála verið bætt við útgjöld hins opinbera. Að þeim meðtöldum eru heildarútgjöld til fræðslumála um 7,8% af landsframleiðslu árið 2014. Tæp 10% útgjaldanna eru fjármögnuð af heimilunum og hefur sú hlutdeild aukist síðan 2008. Fræðsluútgjöld alls á mann á föstu verði² 2014 hafa dregist saman um 10,3% frá 2008, en árin þar á undan höfðu þau vaxið jafnt og þétt.

¹ Frá útgjöldum hins opinbera til fræðslumála hafa verið dregin kaup heimila á fræðsluþjónustu hins opinbera sem flokkast með einkaneyslu heimilanna.

² Fræðsluútgjöld hins opinbera eru staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar, en undirþáttur hennar er launavísitala opinberra starfsmanna.


Tafla 11. Heildarútgjöld til fræðslumála 1998–2014

Table 11. The expenditure on education 1998–2014

| | Alls, millj. kr. <i>Total, mill. ISK</i> | Hlutfall af landsframleiðslu <i>Percent of GDP</i> | | | Hlutfall heimila af heild <i>HH % of totals</i> | Fræðslu.útgj.- Staðvirt ² <i>Edu. exp. in fixed Prices²</i> | Fræðslu.útgj.- staðvirt á mann ² <i>Edu. exp. per capita²</i> |
|-------------------|--|---|------------------------------------|----------------------|--|---|--|
| | | Hið opinb. <i>General govern.</i> | Heimili <i>House- holds</i> | Alls <i>Total</i> | | | |
| 1998 | 42.541 | 6,39 | 0,68 | 7,06 | 9,6 | 100,0 | 100,0 |
| 1999 | 46.929 | 6,56 | 0,69 | 7,25 | 9,5 | 103,8 | 102,5 |
| 2000 | 51.455 | 6,63 | 0,69 | 7,31 | 9,4 | 107,1 | 104,3 |
| 2001 | 60.254 | 6,89 | 0,71 | 7,59 | 9,3 | 115,8 | 111,2 |
| 2002 | 69.894 | 7,52 | 0,78 | 8,30 | 9,4 | 123,8 | 117,9 |
| 2003 | 72.312 | 7,46 | 0,87 | 8,32 | 10,4 | 122,9 | 116,4 |
| 2004 | 78.656 | 7,34 | 0,81 | 8,16 | 10,0 | 128,6 | 120,3 |
| 2005 | 87.869 | 7,49 | 0,81 | 8,31 | 9,8 | 137,1 | 126,8 |
| 2006 | 99.265 | 7,48 | 0,79 | 8,27 | 9,5 | 142,5 | 128,2 |
| 2007 | 108.049 | 7,14 | 0,72 | 7,87 | 9,2 | 145,9 | 128,3 |
| 2008 | 124.054 | 7,34 | 0,67 | 8,01 | 8,4 | 152,2 | 130,5 |
| 2009 | 129.741 | 7,50 | 0,69 | 8,18 | 8,4 | 145,4 | 124,7 |
| 2010 | 129.828 | 7,31 | 0,69 | 8,01 | 8,7 | 139,9 | 120,4 |
| 2011 | 133.308 | 7,14 | 0,70 | 7,84 | 8,9 | 138,2 | 118,6 |
| 2012 | 137.431 | 7,02 | 0,73 | 7,75 | 9,4 | 134,7 | 115,0 |
| 2013 | 145.575 | 7,02 | 0,75 | 7,77 | 9,7 | 136,5 | 115,4 |
| 2014 ¹ | 155.636 | 7,05 | 0,75 | 7,81 | 9,7 | 140,0 | 117,0 |

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.² Fræðsluútgjöld staðvirt með verðvísitölu samneyslnnar. Magnvísitala, 1998=100. Expenditure on education deflated by price index of government final consumption. Volume index, 1998=100**Mynd 6. Útgjöld hins opinbera sem hlutfall af VLF**

Figure 6. General government expenditure functions as per cent of GDP



Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera

Peningalegar eignir hins opinbera námu 66% af landsframleiðslu í lok árs 2014. Peningalegar eignir hins opinbera námu samkvæmt áætlun 1.315 milljörðum króna í árslok 2014 eða sem nemur 66,0% af landsframleiðslu. Lánveitingar námu 197 milljörðum króna, sjóður og bankainnistæður 532 milljörðum króna og hlutafjár-eign 417 milljörðum króna.

Heildarskuldir hins opinbera námu 113% af landsframleiðslu í lok árs 2014

Heildarskuldir hins opinbera námu samkvæmt áætlun 2.256 milljörðum króna í árslok 2014 eða 113,2% af landsframleiðslu. Er þetta annað árið í röð þar sem hlutfall skulda hins opinbera af landsframleiðslu fer lækkandi, en hæst var hlutfallið árið 2011 í 126,6%. Erlendar lántökur námu í árslok 2014 um 428 milljörðum króna eða 21,5% af landsframleiðslu. Innendar lántökur námu 344 milljörðum króna, verðbréfasculdir 870 milljörðum króna og viðskiptaskuldir 134 milljörðum króna. Eignir og skuldir eru áætlaðar út frá greiðslutölum árið 2014 og geta niðurstöður breyst þegar endanlegt uppgjör liggur fyrir.

Tafla 12. Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera 2008–2014


Table 12. The general government financial assets and liabilities 2008–2014

| Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i> | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 ¹ |
|---|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------------------|
| Peningalegar eignir <i>Financial assets</i> | 72,8 | 75,5 | 72,9 | 75,3 | 70,1 | 63,7 | 66,0 |
| Skuldir <i>Liabilities</i> | 97,7 | 113,1 | 118,5 | 126,6 | 123,5 | 115,3 | 113,2 |
| Verðbréf <i>Securities other than shares</i> | 19,9 | 39,4 | 44,6 | 46,3 | 47,2 | 44,8 | 43,6 |
| Lántökur <i>Loans</i> | 47,4 | 43,7 | 43,5 | 48,7 | 45,3 | 40,4 | 38,7 |
| Innlendar lántökur <i>Domestic loans</i> | 23,8 | 18,2 | 20,0 | 20,6 | 19,7 | 19,0 | 17,2 |
| Erlendar lántökur <i>Foreign loans</i> | 23,6 | 25,5 | 23,5 | 28,1 | 25,6 | 21,4 | 21,5 |
| Lífeyrisskuldbindingar <i>Pension liabilities</i> | 24,7 | 23,9 | 23,6 | 24,5 | 24,6 | 24,3 | 24,1 |
| Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i> | 5,7 | 6,2 | 6,8 | 7,1 | 6,4 | 5,8 | 6,7 |
| Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i> | -24,9 | -37,6 | -45,6 | -51,3 | -53,4 | -51,6 | -47,2 |

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Mynd 7. Skuldir ríkissjóðs og sveitarfélaga sem hlutfall af VLF

Figure 7. The liabilities of central and local governments as per cent of GDP



Frekari upplýsingar

Í heftinu hefur megináhersla verið lögð á fjármál hins opinbera, bæði í texta og töflum. Samsvarandi upplýsingar um ríkissjóð, sveitarfélög og almannatryggingar eru á vefsíðu [Hagstofunnar](#).

English summary

In 2014, the financial balance of the general government was 3 billion ISK in deficit or 0.2% of GDP, which can be compared with a deficit of 32 billion ISK in 2013 or 1.7% of GDP. The reduced deficit in 2014 can be explained by 13.3% increase in revenue and 9.3% increase in expenditure. The general government total revenue in 2014 of 903 billion ISK amounted to 45.3% of GDP, compared with 42.4% in 2013. The general government total expenditure of 906 billion ISK amounted to 45.4% of the 2014 GDP, compared with 44.1% in 2013.

In 2014, the total expenditure on health was 8.8% of GDP, of which 81.1% was financed by the general government and 18.9% by households. The health expenditure per capita was 434 thousand ISK in 2014 and has decreased by 44 thousand ISK (2014 prices) since 2008 or by 9.2%.

The total expenditure on education was 7.8% of GDP in 2014, of which 90% was financed by the general government. The expenditure per capita was 429 thousand ISK in 2014 and has decreased by 57 thousand ISK from 2008 in 2014 prices or 11.7%.

An assessment based on cash transactions data shows that the general government total financial assets amounted to 66% of GDP at the end of 2014 and the total liabilities 113%. This is the second consecutive year where the general government total liabilities' share of GDP has improved.

All data referred to in this issue of the Statistical Series has been published on the website of [Statistics Iceland](#).

